



Ljósmyndamarabon

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Nemendur kunni að taka myndir á myndavél og læri meðferð ljósmynda, skilji áhrifamátt mynda og séu læsir á myndmál umhverfis síns, tengt það myndmáli nútímamiðla og náttúruskoðun. Eykur þekkingu á umhverfinu og eflir hæfni í greiningu á aðstæðum.

Námsgreinar: Upplýsingatækni, myndmennt og náttúrufræði.

Elsta stig.



VERKLÝSING

Bekkjum er skipt í hópa; 3-5 í hópi. Hóparnir fá 5-6 fyrirfram ákveðin heiti á myndum sem þeir eiga að taka myndir af. Dæmi um heiti: Ljós og skuggi, líf, dauði, fegurð, kyrrð, fæða. Nemendum er bent á að myndirnar verða að tengjast skóginum á einn eða annan hátt. Útfærslur eru í þeirra höndum.

Þegar hópar koma til baka með myndirnar þarf að taka myndirnar af vélunum og hlaða inn í tölvu. Einungis má setja eina mynd inn fyrir hvert efnisflokk. Myndirnar prentaðar út, settar upp á karton.

Skipa þarf dómnefnd sem velur bestu mynd í hverjum flokki. Skila myndum undir dulnefni og hafa atkvæðagreiðslu meðal nemenda um bestu myndir í hverjum flokki.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Hver hópur þarf u.þ.b. 60-80 mínútur.

Tvær til þrjár stafrænar myndavélar og aðstaða til að hlaða myndum af myndavél í tölvu.

Skemmtilegt verkefni, sem býður upp á virkjun hugmyndaflugs.